

Bæjarstjórn - 405

FUNDARBOÐ

405. fundur bæjarstjórnar
verður haldinn í bæjarstjórnarsal, fimmtudaginn 9. desember 2021 og
hefst kl. 17:00

Dagskrá:

Fundargerðir nefnda

- 1. 2111008F - Bæjarráð - 634**
Lögð fram 634. fundargerð bæjarráðs.
- 2. 2112003F - Skóla- og fræðslunefnd - 188**
Lögð fram 188. fundargerð skóla- og fræðslunefndar.
- 3. 2112002F - Æskulýðs- og íþróttanefnd - 82**
Lögð fram 82. fundargerð æskulýðs- og íþróttanefndar.
- 4. 2112001F - Hafnarstjórn - 91**
Lögð fram 91. fundargerð hafnarstjórnar.
- 5. 2111007F - Atvinnu- og nýsköpunarnefnd - 9**
Lögð fram 9. fundargerð atvinnu- og nýsköpunarnefndar.

Erindi til kynningar

- 6. 2005070 - Fundargerðir Breiðafjarðarnefndar**
Lagðar fram til kynningar þrjár síðustu fundargerðir Breiðafjarðarnefndar frá fundum sem fram fóru á síðustu mánuði líðandi árs.
- 7. 1901046 - Umhverfissvottun Snæfellsness - Viðurkenning Earth Check í 13. sinn**
Lögð fram til kynningar viðurkenning Earth Check þar sem staðfest er að Snæfellsnes hefur hlotið umhverfissvottun í 13. sinn.
- 8. 2003023 - Fundargerð stjórnar Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi**
Lagðar eru fram fundargerðir 161., 162., 163., 164. og 165. funda stjórnar Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi.
- 9. 2111023 - Reglubundið eftirlit á urðunarstað Stykkishólmsbæjar**

Lagt fram bréf Umhverfisstofnunar dags 17.11.20 varðandi reglubundið eftirlit á urðunarstað Stykkishólmsbæjar.

10. 2106022 - Fundargerðir Starfshóps um stefnumörkun Stykkishólmsbæjar í málefnum einstaklinga 60

Lagðar fram fundargerðir starfshóps um stefnumörkun í málefnum einstaklinga 60 ára í Stykkishólmi. Hópurinn mætti til fundar á 634. fundi bæjarráðs og gerði grein fyrir vinnu sinni og drögum að tillögum starfshópsins og tók bæjarráð undir megináherslur starfshópsins, með fyrirvara um endanlegar tillögur og skýrslu hópsins.

Erindi til afgreiðslu/umsagnir

11. 2110019 - Stefnumörkun opinna grænna svæða innan bæjarmarka í Stykkishólmi

Lögð fram tillaga bæjarstjóra um skipun þriggja manna starfshóps um stefnumörkun opinna grænna svæða innan bæjarmarka í Stykkishólmi sem mun vinna með nýrri deild skipulags- og umhverfismála að tillögum um gróðursetningar og nýtingar á grænum svæðum í bæjarlandinu og að bæjarstjóra verði falið að útfæra nánar erindisbréf starfshópsins í samræmi við fyrirliggjandi greinargerð.

Bæjarráð samþykkti, á 632. fundi sínum, tillögu bæjarstjóra og fól bæjarstjóra að útfæra nánar erindisbréf starfshópsins í samræmi við fyrirliggjandi greinargerð með tillögunni.

Bæjarráð lagði, á 634. fundi sínum, til við bæjarstjórn að samþykkja erindisbréf starfshópsins, með áorðnum breytingum, og skipa eftirtalda í starfshópinn:

Björn Ásgeir Sumarliðason, formaður
Ásmundur Sigurjón Guðmundsson
Hjörleifur Kr. Hjörleifsson
Ásdís Árnadóttir
Árni Ásgeirsson

12. 2111008 - Kjarasamningar opinberra starfsmanna - Undanþágulisti

Samkvæmt 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna og 2. gr. í nýsamþykktum lögum nr. 129/2020 um skrá yfir störf hjá sveitarfélögum sem heimild til verkfalls nær ekki til, skulu sveitarfélög, fyrir 1. febrúar ár hvert, að undangengnu samráði við viðkomandi stéttarfélög, birta skrár yfir þá starfsmenn sem ekki hafa verkfallsheimild.

Lögð fram skrá yfir þá sem falla undir undanþágulista 6.-8. tl. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Bæjarráð lagði til við bæjarstjórn, á 634. fundi sínum, að samþykkja verkfallslista fyrir starfsmenn Stykkishólmsbæjar og b-hluta fyrirtæki bæjarins.

13. 2011022 - Starfsemi Félags- og skólaþjónusta Snæfellinga

Á 187. fundi skóla- og fræðslunefndar gerði Sveinn Þór Elínbergsson, forstöðumaður félags- og skólaþjónustu Snæfellinga, grein fyrir þeirri sérfræðiþjónustu, t.a.m. talmeina- og sálfræðiþjónustu, sem FSSF býður Leikskólanum í Stykkishólmi og Grunnskólanum í Stykkishólmi og það verklag sem snýr að úthlutun tíma þjónustunnar. Þá voru lögð fram fram tölvupóstsamskipti milli stjórnenda leikskólans og forstöðumanns FSSF um málið. Á fundi skóla- og fræðslunefndar svaraði Sveinn Þór Elínbergsson spurningum um

skiptingu heimsókna talmeinafræðings og sálfræðings milli sveitarfélaga, en í bókun fundarins koma fram að miðað við nemendafjölda eru heimsóknir þeirra í Stykkishólmi tiltölulega fáar.

Bæjarráð vísaði, á 633. fundi sínum, málinu til næsta fundar. Bæjarráð Stykkishólmsbæjar lagði, á 634. fundi sínum, þunga áherslu á að Félags- og skólaþjónusta Snæfellinga veiti jafna þjónustu með tilliti til nemendafjölda hverju sinni milli skólastofnanna sveitarfélaganna og fagnar því að Félags- og skólaþjónusta Snæfellinga hafi brugðist við fyrirliggjandi ábendingum stjórnenda Leikskólans í Stykkishólmi með því að fjölga heimsóknardögum í Leikskólann í Stykkishólmi.

14. 1911035 - Deiliskipulag austan Aðalgötu

Lögð er fram til afgreiðslu tillaga að deiliskipulagi miðbæjar austan Aðalgötu.

Reiturinn afmarkast af Aðalgötu og Víkurgötu til vesturs, Austurgötu til norðurs og lóðarmörk húsa við Skúlagötu til austurs. Svæðið er um 1,7 ha að stærð og að mestu fullbyggt. Markmið tillögunnar að skilgreina nýjar lóðir og byggingarreiti sem styrkja gömlu byggðina sem fyrir er og einstaka bæjarmynd.

Deiliskipulagstillagan var auglýst frá 19. maí sl. með athugasemdafrest til og með 30. júní, samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Athugasemdir bárust frá eftirtöldum aðilum: Heimi Laxdal Jóhannssyni; Mílu ehf./Svanur Baldursson og Marz Sjávarafurðum/Erlu Björg Guðrúnardóttur; Hjalta Steinþórssyni; Sigurbjarti Loftssyni; og Ýsueiði ehf./Gesti Hólm.

Á fundi skipulags- og byggingarnefndar 19. júlí s.l. var farið yfir athugasemdirnar og tekin afstaða til þeirra. Málinu var síðan vísað til frekari úrvinnslu. Á fundinum var einnig lögð fram tillaga að breytingu á gildandi deiliskipulagi fyrir miðbæinn þar sem að gamla kirkjan er felld út og hún færð innan marka þessarar skipulagstillögu (sbr. uppdætti, skilmála og greinagerð frá Bæring Bjarnari Jónssyni, arkitekt).

Á 254. fundi 13. september sl. lagði skipulags- og byggingarnefnd til við bæjarstjórn að deiliskipulagstillagan verði samþykkt með breytingum vegna athugasemda sem bárust á innan athugasemdafrests:

- Byggingarreitur á lóð merkt Víkurgata 1a er færður til á lóð.
- Byggingarreitur fyrir bílskúr á lóð Víkurgötu 5 er færður aftar á lóð.
- Kvaðir verða á lóðum vegna lagnaleiða.
- Gönguleið upp á Sýslumannshól færist yfir á lóð Aðalgötu 7a, í stað áður á lóð Austurgötu 4a.
- Lóðin Víkurgata 7 breytist og stækkar og snúningsstæði við götu fellur út.
- Bætt verði við bílastæði við Aðalgötu 7.

Á 631. fundi bæjarráðs fól ráðið skipulagsfulltrúa að kanna frekar möguleika á minniháttar breytingum vegna athugasemda sem borist höfðu á auglýsingartímanum og vísaði nefndin erindinu til næsta bæjarráðsfundar.

Lögð er fram uppfærð tillaga að deiliskipulagi miðbæjar austan Aðalgötu þar sem gerðar eru eftirfarandi minniháttar breytingar:

- Byggingarreit við Aðalgötu 5a er snúð og hluti hans sem áður var á lóð Aðalgötu 5 er aflagður.
- Bílskúrsreitur við Víkurgötu 3 er færður ofar í lóð.

- Innkeyrsla að Víkurgötu 5 og Víkurgötu 1a er þrengd og einu bílastæði bætt við á bæjarlandi.
- Bílskúrsreitur við Víkurgötu 5 er færður örlítið aftar í lóð.
- Lóðarmörk milli Víkurgötu 3 og 5 eru færð örlítið til.
- Lóðarmörk milli Austurgötu 6 og Skúlagötu 2 eru færð örlítið til.

Skipulags- og byggingarnefnd telur að tillagan sé óbreytt í grundvallaratriðum og þarfnist ekki auglýsingar á nýjan leik, sbr. 4. mgr. 41. gr. skipulagslaga. Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við bæjarstjórn að deiliskipulag miðbæjar austan við Aðalgötu verði samþykkt með þeim minniháttar breytingum sem gerðar hafa verið til þess að koma til móts við athugasemdir og ábendingar sem bárust á kynningartíma og felur skipulagsfulltrúa að senda viðeigandi gögn til yfirferðar Skipulagsstofnunar skv. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og birta í framhaldinu auglýsingu um samþykkt deiliskipulagsins í B-deild Stjórnartíðinda. Jafnframt leggur skipulags- og byggingarnefnd til við bæjarstjórn að svör við efni athugasemda og umsagna verði staðfest.

Á 633. fundi sínum vísaði bæjarráð málinu til næsta fundar. Á 634. fundi bæjarráðs var tillaga skipulags- og byggingarnefndar samþykkt með þeim breytingum að bílastæðum var bætt við Aðalgötu 5a og byggingarreitur færður til vegna þeirra.

15. 2107004 - Kerfisáætlun Landnets 2021-2030

Lögð fram umsögn Stykkishólmsbæjar, dags. 28. júlí 2021, sem send var í opið umsagnarferli Landsnets vegna kerfisáætlunar 2021-2030, ásamt viðbrögðum Landsnets við umsögn Stykkishólmsbæjar.

Atvinnu- og nýsköpunarnefnd tók, á 9. fundi sínum, undir með álit bæjarstjórnar Stykkishólmsbæjar að ný 132 kv lína frá Vatnshömrum að Vogaskeiði og ný 132 kv lína frá Vogaskeiði að Glerárskógum í Dalabyggð sé forsenda fyrir framtíðarorkuskiptum í samgöngum á landi og haftengdri starfsemi á Snæfellsnesi. Þegar endurnýjun á Vegamótalinu 1 er einnig lokið verður hægt að tryggja afhendingaöryggi og aflgetu og þar með að mæta framtíðareftirspurn atvinnulífs og samfélags á Snæfellsnesi og Dalabyggð. Atvinnu- og nýsköpunarnefnd taldi þessar framkvæmdir forsendu fyrir öflugu atvinnulífi á svæðinu og blómlegri byggð.

Á 633. fundi sínum vísaði bæjarráð málinu til næsta fundar. Á 634. fundi sínum tók bæjarráð undir með atvinnu- og nýsköpunarnefnd vísaði afgreiðslunni til staðfestingar í bæjarstjórn.

16. 2111009 - Styrkumsóknir

Auglýst var eftir styrkumsóknum frá einstaklingum og fyrirtækjum í samræmi við reglur Stykkishólmsbæjar um styrkveitingar frá 27. september til 4. október sl. Alls bárust 11 umsóknir sem lagðar eru fram.

Á 633. fundi sínum vísaði bæjarráð málinu til frekari vinnslu á næsta fundi. Á 634. fundi bæjarráðs þakkaði bæjarráð fyrir metnarfull, áhugaverð og spennandi verkefni.

Bæjarráð lagði til við bæjarstjórn að styrkja eftirtalin verkefni:

Mattías 150.000
Eyrbyggjasögufélagið 100.000
Skotthúfan 100,000

Tónleikar - Vatnasafn 100,000
Guðlaug Jónína Ágústsdóttir 150,000
Þórunn Sigurþórsdóttir 150,000

Umsækjendum sem ekki fengu úthlutun að þessu sinni er bent á að auglýst verði eftir styrkumsóknum að nýju í febrúar/mars 2022 í samræmi við reglur Stykkishólmsbæjar um styrkveitingar.

17. 2107012 - Stykkishólmur í sókn - Efling atvinnulífs í Stykkishólmi

Á 9. fundi atvinnu- og nýsköpunarnefndar gerði bæjarstjóri grein fyrir þeirri vinnu sem starfshópu um eflingu atvinnulífs í Stykkishólmi hefur innt af hendi.

Atvinnu- og nýsköpunarnefnd vænti þess, á 9. fundi sínum, að tillögur starfshópsins muni leiða til eflingu atvinnu á grunni svæðisbundinna styrkleika sem mun nýtast við stefnumörkun bæjarins í atvinnumálum og stuðla að nýsköpun í Stykkishólmi og komi til með að nýtast við stækkun atvinnusvæða beggja vegna flugvallarins, sér í lagi í sambandi við uppsetningu á grænum iðngarði. Atvinnu- og nýsköpunarnefnd lagði til við bæjarstjórn að gera ráð fyrir vinnu í þessu sambandi á næsta ári í fjárhagsáætlun bæjarins.

Bæjarráð samþykkti á 634. fundi sínum tillöguna og vísaði henni til vinnu við fjárhagsáætlun Stykkishólmsbæjar.

Afgreiðsla bæjarráðs er lögð fram til staðfestingar í bæjarstjórn.

18. 2011013 - Breiðafjarðarferjan Baldur

Lögð fram ályktun bæjarstjórnar Stykkishólmsbæjar sem var samþykkt á 403. fundi bæjarstjórnar Stykkishólmsbæjar 28. október 2021 vegna Breiðafjarðarferjunnar Baldurs. Þá er lögð fram þarfagreining fyrir Breiðafjarðarferju sem Vegagerðin fól NAVIS ehf. að vinna að sem kynnt var á fundi var haldinn með fulltrúum sveitarfélaga við Breiðafjörð 26. október 2021. Einnig er lögð fram ályktun 66. Fjórðungsþing Vestfirðinga sem haldið var á Ísafirði 22. og 23. október 2021 um Breiðafjarðarferjuna Baldur.

Þar að auki eru lagðar fram ályktanir bæjarstjórnar Stykkishólmsbæjar, dags. 12. mars 2021, og bókun bæjarstjórnar Stykkishólmsbæjar, dags. 29. mars 2021, um sama efni, ásamt bókun 402. fundar bæjarstjórnarfundar 30. september 2021 þar sem m.a. var óskað eftir upplýsingum frá Vegagerðinni um stöðu á vinnu við fyrrgreinda þarfagreiningu.

Atvinnu- og nýsköpunarnefnd tók, á 9. fundi sínum, undir með ályktun bæjarstjórnar Stykkishólmsbæjar og óskaði eftir upplýsingum frá innviðaráðuneytinu og fjármála- og efnahagsráðuneytinu um hver sé staðan á fjármögnun á bráða- og framtíðarlausnum í samræmi við ályktun bæjarstjórnar og upplýsingum frá Vegagerðinni. Hver séu næstu skref varðandi breytingu á hafnarmannvirkjum og ferjubrúm og dýpkun hafna með það markmið að nýtt skip sem þjónar betur þörfum samfélaganna hefji siglingar yfir Breiðafjörðinn sem fyrst. Ný ferja er í samræmi við ákvæði sáttmála um ríkisstjórnarsamstarf Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokks og Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs um orkuskipti í ferjusamgöngum.

Bæjarráð stafesti afgreiðslu atvinnu- og nýsköpunarnefndar á 634. fundi sínum.

19. 1912009 - Skógarstrandarvegur - Tillögur til þingsályktunar um fimm ára

Samgönguáætlun fyrir árin 2020 - 2024 og fyrir árin 2020 - 2034

Lögð fram ályktun haustþings Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV), sem haldið var í Árbliki Dalabyggð, 29. september 2021, þar sem ályktað var um brýna nauðsyn á áframhaldandi uppbyggingu Skógarstrandarvegur og skorað á samgönguyfirvöld að tryggja fjármögnun til vegarins árin 2023 og 2024, ásamt fyrri ályktunum Stykkishólmsbæjar og SSV um mikilvægi þess að umræddur stofnvegur sé í forgangi við ráðstöfun fjármuna á samgönguáætlun enda sé um að ræða stofnveg samkvæmt skilgreiningu í samgönguáætlun og þannig veg sem er hluti af grunnkerfi samgangna á Íslandi.

Atvinnu- og nýsköpunarnefnd tekur undir með ályktun haustþings Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi um mikilvægi áframhaldandi uppbyggingar Skógarstrandarvegur og leggur þunga áherslu á að samgönguyfirvöld og Alþingi bregðist við áskorun samtakanna um að veita fjármagni til framkvæmda allt fyrsta tímabil núgildandi samgönguáætlunar þannig að fjármagni verði veitt til vegarins árin 2023 og 2024.

Atvinnu- og nýsköpunarnefnd benti, á 9. fundi sínum, á að í Sáttmála um ríkisstjórnarsamstarf Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokks og Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs er lögð áhersla á að þegar dregið verði úr eignarhaldi ríkisins í fjármálakerfinu verði þeir fjármunir nýttir í uppbyggingu innviða. Því er gerð sú krafa að þeir fjármunir verði meðal annars nýttir til fullfjármögnunar vegarins, þ.m.t. þverun Álftafjarðar líkt og ályktun Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi kveður á um.

Bæjarráð tók, á 634. fundi sínum, undir ályktun atvinnu- og nýsköpunarnefndar og lagði til við bæjarstjórn að taka undir ályktun nefndarinnar.

20. 2111025 - Samkomulag um samstarf Matís og Stykkishólmsbæjar

Lagður fram samningur um samstarfs Stykkishólmsbæjar og Matís sem gera með sér samkomulag um uppbyggingu samstarfs í sveitafélagi Stykkishólms með áherslu á fræðslu, nýsköpun, rannsóknir og atvinnuuppbyggingu innan sveitafélagsins. Báðir aðilar samkomulagsins munu nýta styrkleika sína og innviði viðkomandi aðila eins og kostur er.

Bæjarráð staðfesti, á 634. fundi sínum, samning um samstarf Stykkishólmsbæjar og Matís ohf.

21. 1909042 - Færsla hjúkrunarheimilis og staða framkvæmda við HVE Stykkishólmi

Lögð fram drög að samkomulagi milli Heilbrigðisráðuneytis og Stykkishólmsbæjar um flutning á þjónustu Dvalarheimilisins í Stykkishólmi til Heilbrigðisstofnunar Vesturlands.

Bæjarráð samþykkti, á 634. fundi sínum, fyrir sitt leyti fyrirliggjandi samningsdrög með áorðnum breytingum.

Fyrir bæjarstjórn eru lögð fram viðbrögð ráðuneytisins, dags. 7. desember 2021, við fyrirliggjandi samningsdrögum og viðbótum Stykkishólmsbæjar.

22. 2010034 - Framlengin lóðarúthlutunar - Móholt 14-16

Lögð fram beiðni Ingveldar Eypórsdóttur um framlengda úthlutun lóðar, Móholt 14-16, á grundvelli formsgalla og skorts á upplýsingagjöf við lóðarúthlutun. Bæjarráð fól bæjarstjóra, á 633. fundi sínum, að undirbúa afgreiðslu í samræmi við umræður þess

fundar og leggja fyrir næsta bæjarráðsfund.

Á 634. fundi bæjarráðs taldi ráðið að í ljósi þess að svo virðist sem umsækjanda hafi ekki borist tilkynning um úthlutun lóðarinnar, sem markar upphaf frestsins sem kveðið er á um í grein 3.4 í reglum um úthlutun á lóðum fyrir íbúðar- og atvinnuhúsnæði í Stykkishólmi, sé rétt að veita umsækjanda viðbótar byggingarfrest, þrátt fyrir að áminning hafi verið send umsækjanda með bréfi dags. 10. október 2021. Þá ber einnig til þess að líta að umsækjandi skilaði inn teikningum og tilnefndi byggingarstjóra innan byggingarfrests sem áskilinn er í reglum Stykkishólmsbæjar um úthlutun lóða er honum, þó útgefið byggingarleyfi hafi ekki legið fyrir og framkvæmdir hafi ekki verið hafnar í samræmi við grein 3.4 í reglum um úthlutun á lóðum fyrir íbúðar- og atvinnuhúsnæði í Stykkishólmi.

Lagði bæjarráð til við bærarstjórn að umsækjanda verði veittur þriggja mánaða viðbótarfrestur, frá og með 9. desember 2021 að telja, til að fá útgefið byggingarleyfi og til að hefja framkvæmdir í samræmi við grein 3.4. í reglum um úthlutun á lóðum fyrir íbúðar- og atvinnuhúsnæði í Stykkishólmi.

23. 2112004 - Sameiningarviðræður Helgafellssveitar og Stykkishólmsbæjar

Lögð er fram tillaga um formlegar sameiningarviðræður milli Helgafellssveitar og Stykkishólmsbæjar í framhaldi af óformlegum fundi fulltrúa sveitarfélaganna sem haldinn var í kjölfar samskipta milli oddvita Helgafellssveitar og bærarstjóra Stykkishólmsbæjar, en fyrir liggur að sveitarstjórn Helgafellssveitar hefur samþykkt að hefja formlegar sameiningarviðræður við Stykkishólmsbæ. Í tillögunni felst að íbúar hvors sveitarfélags um sig munu greiða atkvæði um sameininguna vorið 2022.

24. 2111026 - Viðauki 3 við Fjárhagsáætlun 2021-2024

Framlagður viðauki 3 við fjárhagsáætlun Stykkishólmsbæjar 2021-2024.

Bæjarráð samþykkti, á 634. fundi sínum, viðauka 3 við Fjárhagsáætlun Stykkishólmsbæjar og lagði til við bærarstjórn að samþykkja hann.

25. 2110010 - Gjaldskrár Stykkishólmsbæjar 2022 - Síðari umræða

Lagðar eru fram gjaldskrár Stykkishólmsbæjar 2022, eins og þær voru samþykktar á 403. fundi bærarstjórnar þar sem þeim var vísað til síðari umræðu í bærarstjórn. Gjaldskrár taka mið af fyrirliggjandi forsendum og markmiðum við gerð fjárhagsáætlunar sem samþykkt voru á 402. fundi bærarstjórnar. Þá eru lagðar fram umsagnir fastanefnda um gjaldskrár Stykkishólmsbæjar.

Á 633. fundi sínum samþykkti bæjarráð að vísa gjaldskrár til frekari vinnslu í bæjarráði.

Bæjarráð samþykkti, á 634. fundi sínum, gjaldskrár Stykkishólmsbæjar fyrir árið 2022 og vísaði þeim til síðari umræðu í bærarstjórn.

26. 2109010 - Fjárhagsáætlun Stykkishólmsbæjar 2022-2025 - Síðari umræða

Lögð fram til seinni umræðu fjárhagsáætlun ársins 2022 ásamt þriggja ára áætlun árána 2023-2025. Þá eru lagðar fram umsagnir fastanefnda um fjárhagsáætlun Stykkishólmsbæjar.

Bæjarráð samþykkti, á 632. fundi sínum, fjárhagsáætlun Stykkishólmsbæjar ársins 2022

ásmat þriggja ára áætlun árana 2023-2025. Bæjarráð vísaði fjárhagsáætlun til fyrri umræðu í bæjarstjórn.

Bæjarstjórn samþykkti framlagða fjárhagsáætlun fyrir árið 2022 og þriggja ára áætlun fyrir tímabilið 2023-2025 og vísaði henni til frekari umfjöllunar í bæjarráði og til síðari umræðu í bæjarstjórn.

Á 633. fundi sínum samþykkti bæjarráð að vísa fjárhagsáætlun 2022 og þriggja ára fjárhagsáætlun 2023-2025 til frekari vinnslu í bæjarráði.

Bæjarráð samþykkti, á 634. fundi sínum, fjárhagsáætlun Stykkishólmsbæjar 2022 ásamt þriggja ára fjárhagsáætlun 2023-2025 og vísaði henni til síðari umræðu í bæjarstjórn.

27. 1808022 - Minnispunktar bæjarstjóra

Lagðir fram minnispunktar bæjarstjóra.

07.12.2021

Jakob Björgvin Jakobsson, bæjarstjóri.